

GJALDSKRÁ

fyrir Stykkishólmshöfn.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Stykkishólmshöfn er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003, sbr. bráðabirgðarákvæði nr. 1.

II. KAFLI

Um hafnagjöld.

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við brúttótomatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykkt um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Lestargjöld.

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 17,10 á mælieiningu skv. 2. gr. Af innlendum fiskiskipum þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.

Bryggjugjöld.

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 8,60 á mælieiningu skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip sem skila aflagjaldi til Stykkishólmshafnar greiða þetta gjald eigi oftast en 15 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 220 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 15.000 á mánuði. Bátar minni en 20 brt greiði þó aldrei lægra en kr. 8.300 á mánuði. Bátar minni en 20 brt sem ekki skila aflagjaldi skulu greiða kr. 9.700. Geymsla annarra báta en áður eru taldir kr. 5.000 pr. mánuð. Daggjald fyrir gestabát er kr. 2.700 pr. dag en kr. 2.000 pr. dag fyrir sjö daga eða lengur.

Legugjald vegna kvíaleigu við básabryggjur er innheimt fyrir fram, tvisvar á ári.

a) Legugjald kr. 132.000 ársgjald.

Vörugjöld.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöllum á land eða úr landi á skipsfjöllum, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald.

Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn.

9. gr.

Þessar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir sem endursendar eru.
- b. Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c. Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d. Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

10. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té afrit af farmskrá.

Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

11. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 386 fyrir hvert tonn:
Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 458 fyrir hvert tonn:
Lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 700 fyrir hvert tonn:
 - a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda.
 - b) Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.
 - c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.
4. fl.: Gjald 1,60%.

Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.

Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis.

Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.

Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Úrgangsgjald og förgunargjald.

12. gr.

Samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 og reglugerð nr. 1200/2014 ber skipstjóri ábyrgð á að úrgangi frá skipi sé skilað til hafnar eða viðurkennds þjónustuaðila áður en látið er úr höfn.

Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningarlaust skila fyrir komu skips til hafnar útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað skal á land. Misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.

Skip sem óskar eftir að Stykkishólmshöfn taki á móti úrgangi skal tilkynna um það að lágmarki 24 klst. fyrir komu til hafnar.

Öll skip sem falla undir 11. gr. c. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 skulu greiða eftirfarandi vegna úrgangs:

- A. *Úrgangsgjald:* Við komu skips til hafna skal skip greiða 0,80 kr. á brt. Gjald þetta skal standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á úrgangi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 7.000 og hámarksgjald kr. 30.000.
- B. *Úrgangsgjald:* Skip og bátar sem koma oftar en fjórum sinnum til hafnar á sama almanaksári greiða hálf gjald samkvæmt a-lið fyrir fjórðu komu og komur eftir það.
 - a. Úrgangsgjald á brúttótonn 0,8 kr.
 - b. Úrgangsgjald - lágmark 7.300 kr.
 - c. Úrgangsgjald - hámark 31.000 kr.
- C. *Förgunargjald:* Við komu til hafnar skulu öll skip sem falla undir 11. gr. laga nr. 33/2004 greiða förgunargjald óháð því hvort þau skila úrgangi í land. Förgunargjaldið skal standa undir eftirliti, umsýslu og förgun á úrgangi sem skilað er á land:
 - d. Förgunargjald - á brúttótonn 1,5 kr.
 - e. Förgunargjald - lágmark 7.300 kr.
 - f. Förgunargjald - hámark 31.000 kr.

Kjósi skipstjóri eða eigandi skips að óska eftir þjónustu viðurkennds aðila þá greiðir hann kostnað við þá þjónustu.

Skip og bátar sem eru undir 60 metrum á lengd og hafa varanlega viðveru í Stykkishólmshöfn skulu háð sérstöku samkomulagi, sem m.a. taki á lögum og reglum um skil á sorpi.

Ferjur greiða eftir umfangi sorps skv. taxta þess aðila sem Stykkishólmsbær hefur samning við um sorphirðu á hverjum tíma.

Fiskiskip, skemmtibátar sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega, herskip, hjálparskip í flota, skip sem þjónusta fiskeldi og skip í ríkiseign eða ríkisrekstri sem nýtt eru í þágu hins opinbera, sem koma til hafnar skulu greiða eftirfarandi gjald fyrir móttöku og meðhöndlun á úrgangi frá skipum:

Gjald fyrir sorpeyðingu reiknast miðað við brúttótonnatölu skipa og báta og er eftirfarandi:

| | | | |
|-----------------|-----|--------|-----------|
| 0-20 brt | kr. | 3.000 | pr. mánuð |
| 21-50 brt | kr. | 4.200 | pr. mánuð |
| 51-100 brt | kr. | 6.600 | pr. mánuð |
| 101-200 brt | kr. | 8.600 | pr. mánuð |
| 201 brt og yfir | kr. | 14.000 | pr. mánuð |

Vatnssala.

13. gr.

Gjald fyrir vatn afgreitt frá bryggju er miðað við brúttótonnatölu skipa og báta eða innheimt skv. mæli og er eftirfarandi:

| | | | |
|--------------------------|-----|--------|-----------|
| Samkvæmt mæli | kr. | 330 | pr. tonn |
| 0-20 brt | kr. | 3.000 | pr. mánuð |
| 21-50 brt | kr. | 5.600 | pr. mánuð |
| 51-100 brt | kr. | 10.200 | pr. mánuð |
| 101-200 brt | kr. | 17.000 | pr. mánuð |
| 200 brt og yfir | kr. | 37.100 | pr. mánuð |
| Afgreiðslugjald dagvinna | kr. | 5.100 | |

Afgreiðslugjald næturvinna kr. 9.500

Vigtargjald.

14. gr.

Almenn vigtun kr. 270 fyrir hvert byrjað tonn. Lágmarksgjald fyrir einstaka vigtun kr. 1.690. Skráningargjald í Gafl á afla sem ekki kemur á vog er kr. 285 pr. tonn. Vigtun ökutækja og vagna er kr. 3.200.

Útkall vigtarmanns kr. 19.680. Yfirvinna vigtarmanns kr. 4.920 pr./klst. Yfirvinnugjald vegna vigtunar greiðist þegar vigtað er eftir kl. 19.00 mánudaga til föstudaga og á alla vigtun um helgar.

Hafnsögu- og festargjöld.

15. gr.

Hafnsögu- og festargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi:

| | | |
|---|------------|---------------|
| a) Hafnsögu- og festargjald | kr. 8,80 | á mælieiningu |
| b) Hafnsögu- og festargjald, fastagjald | kr. 6.900 | |
| c) Skipstjóri hafnsögubáts | kr. 5.100 | |
| d) Hafnsögubátur | kr. 41.000 | |
| e) Festargjald dagvinna | kr. 11.100 | |
| f) Festargjald næturvinna | kr. 16.000 | |

Raforkusala.

16. gr.

Raforkusala er innheimt skv. mæli 16,50 kr./kWst. Lágmarksgjald miðast við 300 kWst., kr. 4.950.

Tengingjald fyrir tengingu í rafmagn er kr. 3.100.

Kranagjald.

17. gr.

Kranagjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi:

| | |
|-----------------------------|---------------------------------|
| a) Kranagjald smábáta | 560 kr. fyrir hvert byrjað tonn |
| b) Kranagjald grásleppubáta | 7.800 kr. pr. mánuð |

Hafnarverndargjald.

18. gr.

Við komu skipa, sem falla undir ákvæði laga um siglingavernd nr. 50/2004, ber að greiða eftirfarandi gjöld:

| | |
|-------------------------|---------------------|
| Fastagjald | kr. 43.500 |
| Farþegavernd | kr. 191 pr. farþega |
| Öryggisgæsla | |
| a) Dagvinna pr. klst. | kr. 5.100 |
| b) Næturvinna pr. klst. | kr. 9.500 |

Farþegagjald.

19. gr.

Heimilt er að taka farþegagjald við komu og brottför fyrir hvern fullorðinn farþega og hálf gjald fyrir hvert barn sem fer um höfnina. Farþegagjald farþega- og skemmtibáta skal vera kr. 170 fyrir 15 ára og eldri.

III. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

20. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar. Þjónustugjöld í 12. og 13. gr. eru tekin að fullu ef þjónustudagar eru 10 eða fleiri í mánuði, undir 10 dögum hálf mánaðargjald. Á öll gjöld í gjaldskrá þessari leggst 24,0% vsk. að undanskilinni 19. gr.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

21. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Stykkishólms-hafnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteininum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

22. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

23. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá má taka fjárnámi. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veði í tvö ár fyrir samningsveðskuldum sbr. ákvæði 7. gr. hafnalaga.

IV. KAFLI

Gildistaka.

24. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Stykkishólmshöfn er samþykkt af hafnarstjórn Stykkishólmsbæjar 30. nóvember 2020 og af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar 10. desember 2020, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Á sama tíma fellur úr gildi óbirt eldri gjaldskrá fyrir Stykkishólmshöfn sem samþykkt var af bæjarstjórn 12. desember 2019.

Stykkishólmi, 15. desember 2020.

Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri.